

Föstudaginn 7. nóv. 1930.

Nr. 38/1930.

Valdstjórnin (Pétur Magnússon)

gegn

Harold Leo (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. apríl 1930: Kærður, Harold Leo, greiði 15000 króna sekt til Landhelgisjódís Íslands innan viku frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 8 mánuði.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í b/v G. Y. 1017, »Kastoria«, sé upptækt og renni andvirði í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómnum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem nánar segir í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, kom varðskipið »Ægir« að skipi kærða vestur af Reykjanesi þ. 8. apríl þ. á. kl. 7,01 árdegis, og var kærði þá, samkvæmt mælingum skipherra og stýrimanna varðskipsins, 0,8 úr sjómílu innan við landhelgislínuna og hafði bakborðsvörpu sína í sjó.

Með skýrslu skipherra varðskipsins um þetta, er eigi hefir verið hnekkkt, er fengin næg sönnun þess, að kærði hafi á fyrgreindum tíma verið að botnvörpuveiðum í landhelgi og með því gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920. Og að því athuguðu að kærði hefir einu sinni áður verið dæmdur fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi, má fallast á ákvæði lögregluréttardómsins um refsingu, upptekt afla og veiðarfæra og um málskostnað, og ber því að staðfesta dóminn, þó þannig, að sektin greiðist innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að sektin greiðist innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Harold Leo, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Harold Leo, skipstjóra á b/v G. Y. 1017, »Kastoria« frá Grimsby, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5, frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Þriðjudaginn 8. apríl 1930 var varðskipið »Ægir« á leið norður með Reykjanesi. Um kl. 6,50 árd. var skipið, samkv. leiðarreiðningi, um landhelgislinuna; sáust þá tveir togarar nokkru norðar og grynna; var þegar haldið til þeirra. Stýrð segulstefna á dýpri togarann, NA. t. A.

Kl. 6,55 var stöðvunarmerki dregið upp og samtímis skotið lausu skoti. Kl. 6,57 var aftur skotið lausu skoti, og enn kl. 6,59.

Kl. 7,01 var skotið kúlu framan við togarann G. Y. 1017, »Kastoria« frá Grimsby, sem var með Bb.-vörpu úti, og sást mikið af kola á þilfarinu. Samtímis var bauja látin út, á fullri ferð, rétt aftan við togarann, síðan haldið að hinum togaranum, sem var grynna.

Kl. 7,34 árd. var aftur komið að bauju varðsupsins, sem togarinn var þá í námunda við, og gjörð eftirfarandi staðar-ákvörðun við hana:

	Stafnesviti	
^	Varðan á Hafnarbergi	102° 20'
^	Kall	15° 20'
	Dýpi mælt 90,5 metrar.	

Gefur það stað baujunnar 1,0 sm. innan landhelgislinunnar. Vörður var síðan settur um borð í togarann og haldið út á eftir öðrum togara.

Kl. 11,07 var aftur komið að togaranum G. Y. 1017, sem var rétt hjá baujunni.

Sökum þess að veður var ekki vel bjart, þá athugunin kl. 7,34 var gjörð við baujuna, var gjörð aftur eftirfarandi staðar-ákvörðun við hana kl. 12,23 síðdegis:

	Stafnesviti	
^	Keilir	45° 15'
^	Reykjanesviti	65° 46'
	Dýpi mælt 82 metrar.	

Gefur þessi athugun stað baujunnar spottakorn sunnar og 0,8 sm. innan landhelgislinunnar, sem getur bæði komið af því, að langur vir var við baujuna og að straumurinn hafi breytt sér.

Kl. 2,49 síðdegis gjörði varðskipið eftirfarandi staðarákvörðun hjá togarabaujunni, sem skipstjórinn sagðist hafa fiskað við um nóttina:

	Stafnesviti	
^	Keilir	26° 18'
^	Reykjanesviti	57° 20'

og gefur það stað þeirrar bauju 0,5 sm. utan landhelgislinunnar.

Skipherrann hefir tekið það fram, að þessar tvær mælingar, sem gerðar voru kl. 12,23 mínútur síðd. og 2,49 mínútur síðd., hafi hann og II. og III. stýrimaður gert samtímis með sínum sextantinum hver og hafi þeir allir fengið sömu útkomuna.

Kærður hefir nú haldið því fram við skipherrann og endurtekið það í lögregluréttinum, að hann hafi komið á þær stöðvar, þar sem hann var tekinn, kl. 4 daginn áður, og hafi byrjað að fiska þarna við ljósbauju, sem tveir til þrír aðrir togarar hafi verið að fiska við, en ekki hafi hann getað gert neinar

staðarárkvæðanir vegna dimmviðris, því aðeins hafi mótað fyrir landi. Hann kveðst hafa látið vörpuna út í síðasta skifti áður en að komið var að honum kl. 6,15 mínútur árdegis, og hafi hann þá verið utan við togarabaujuna, en togað innan og utan við hana, og kveðst hafa verið nokkru fyrir innan hana, þegar að varðskipið byrjaði að skjóta á hann, og þá hafi hann stýrt í NNA.

Kærður kveðst hafa gert staðarárkvæðanir við baujuna, sem varðskipið lét út, og hafi staðurinn verið:

Eldey

40° 10'

Reykjanesviti

80°

Stafnesviti

en það kveður hann gefa stað togarans um milu utan við landhelgislinuna og þar kveður hann sig hafa verið. Við þessa staðarárkvörðun var enginn nema kærður.

Kærður hefir með dómi lögregluréttar Vestmannaeyja, upp-kveðnum ^{27/5} 1928, verið dæmdur í 12500 króna sekt fyrir brot á landhelgislöggjöfinni.

Af því, sem að framan er sagt, verður að telja það nægilega sannað, að kærður hafi brotið gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5, frá 18. maí 1920, með því að vera að veiðum í íslenzkri landhelgi, er varðskipið kom þar að honum í gærmorgun, því mælingar hans sjálfs, sem hann er einn til frásagnar um, fá vitanlega á engan hátt hnekkt skýrslu skipherrans á »Ægir«, og þeim mælingum, sem gjörðar eru af þrem æðum mönnum samtímis með beztu tækjum.

Refsing sú, er kærður hefir tilunnið fyrir framangreint brot, þykir hæfilega ákveðin eftir 3. gr. laganna og með tilliti til fyrra brots 15000 króna sekt til Landhelgisjódís Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 4, frá 1924, og með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er í dag, samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands, þannig, að hún jafngildir 81,99 aurum gulls. Í stað sektarinnar komi 8 mánaða einfalt fangelsi, ef hún er ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Þar sem ganga má út frá því, eftir upplýsingum þeim, sem fyrir liggja í málinu, að kærður hafi verið að veiðum innan landhelgi í þetta skifti að óvilja sínum, þykir eftir atvikum verða komið hjá því, að beita aukarefsingu þeirri — fangelsisvist, — sem gjört er ráð fyrir í 5. gr. laganna.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í b/v G. Y. 1017 »Kastoria«, sé upptækt og renni andvirði í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 10. nóv. 1930.

Nr. 60 1929.

Sóknarnefnd Vallanessóknar

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Gunnari Pálssyni og Hallgrími Þórarinssyni (Lárus Jóhannesson).

Ómerkingardómur.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 10. nóv. 1927, bað sóknarnefnd Vallanessóknar sýslumanninn í Suður-Múlasýslu að gjöra ráðstöfun til þess, að prests- og kirkjugjöld heimilismanna á Ketilsstöðum í Vallahreppi fyrir árið 1926 yrðu innheimt með lögtaki hjá ábúendum jarðarinnar, hinum stefndu í máli þessu, Gunnari Pálssyni og Hallgrími Þórarinssyni. Var lögtaksmál þetta síðan rekið og úrskurðað í einu lagi fyrir ábúendurna báða í fógetarétti Suður-Múlasýslu. Er þetta ólögmæt málsmeðferð, sjá Kgbr. 3. jan. 1755, sbr. 16. gr. laga nr. 27, 27. júní 1921, og verður því ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð og alla undanfarandi meðferð málsins fyrir fógetaréttinum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, er fengið hafði gjafsókn